



# Áætlun stofn- og reksturskostnaðar við nýja deild við embætti Lögreglustjórans í Reykjavík

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmaál – Dómsmálaráðherra – Lögreglustjórinn í Reykjavík

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Bréfa- og málasafn 1946-1953.  
Askja 2-15, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Aætlan

### Reksturskostnaður

#### I. Aðaldeild:

a. Aðstoðarmaður	kr. 20.000.00	
b. Ritari	" 60.000.00	
c Þóknun til. og A.	" 24.000.00	
d. Annar kostnaður	" 70.000.00	kr. 174.000.00

#### II. Aukadeild:

a. Húsaleiga, ljós, hiti etc.	kr. 42.000.00	
b. Laun	" 70.000.00	
c. Annar kostnaður (sími etc.)	" 30.000.00	" 115.000.00
		kr. 289.000.00

### Stofnkostnaður

Skrifborð, stólar, skápar, ritvél, öryggisskápur etc.	kr. 75.000.00
	<u>kr. 364.000.00</u>

## Athugasemdir

Aðstoðarmaður (I a.) fái föst laun annarsstaðar frá (lögreglu-  
maður). Þóknuninni er atlað að koma í stað venjulegrar aukavinnu  
lögreglumanna, naturvaktarálags o.fl.

Þóknun skv. I c. er áætluð aukavinna fulltrúa og starfsmanns,  
sem að söru leyti tekur laun frá útlendingaeftirliti.

Undir kostnað (I d.) fellur m.a. rekstur bifreiðar deildarinnar  
og þóknun fyrir íhlaupavinnu.



Húsaleiga (II a.) er vegna húsnæðis utan lögreglustöðvarinnar (tvö herbergi).

Með lið II b. er átt við laun manns, sem af öryggisástaðum er ekki á launaskrá embættisins.

Stofnkostnaður er eingöngu vegna kaupa á nauðsynlegustu gögnum í hina nýju aukadeild.

Lagt er til að fjár til reksturskostnaðar verði aflað þannig að laun tveggja ríkislögregluþjóna af þeim 40, sem fjárlög gera ráðfyrir (ca.kr. 150.000.00), verði notuð í þágu framangreindra deilda. Núverandi framlag verði hækkað í 140 - 150 þúsund kr. úr rúmlega 100 þús. kr. og auk þess veittar kr. 75.000.00 í stofnkostnað til uppbyggingar hinnar nýju deildar utan lögreglustöðvarinnar.

Í aðaldeild, sem staðsett er í lögreglustöðinni, verði safnað saman í spjaldskrár og skýrslur þeim upplýsingum, sem aflað er úr blöðum, viðtölum eða eftir öðrum leiðum með svipuðum hætti og verið hefir að undanfögnu. Þar starfi aðstoðarmaður og ritari að staðaldri. Annar aðstoðarmaður aðaldeildar, sem jafnframt er starfsmaður útlendingaeftirlits, aflar upplýsinga um veru erlendra manna hér á landi og hefir samband við innlenda aðilja, sem veitt geta einhverjar upplýsingar, sem ætla má að starfsemin hafi gagn af. Verkefni hans verði enn fremur að hafa umsjón með þeim tækjum, sem starfsemin hefur yfir að ráða. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að starfsemin hefur ekki í sinni þjónustu tæknimenntaðan mann, er kann meðferð þeirra tækja, sem fyrir hendi eru. Nauðsynlegt er að sérþjálfna tæknimenntaðan mann í meðferð áðurgreindra tækja, sem hægt verður að leita til þegar nauðsyn krefur. Slíkur aðstoðarmaður fengi laun í samræmi við framlagða þjónustu.

Á liðnum árum hafa safnast miklar upplýsingar um margvísleg málefni ~~na~~ og hafa þær verið færðar á spjaldskrár og skýrslur. Hinsvegar hefur ekki verið aðstaða til að draga þessar upplýsingar saman í yfirlitsskýrslur, þannig að yfirsýn fáiast um



Þróun mála í þeim greinum, sem deildin fjallar um. Til þess að bæta úr í þeim efnum, svo og til útvíðkunar á starfseminni, er nauðsynlegt að fá húsnæði utan lögreglustöðvarinnar, þar sem unnt verður að vinna að þessum ~~um~~málum meira en gert er nú, ~~xxx~~ m.a. með öflun frekari gagna í samvinnu við innlenda og erlenda aðilja, þ.á.m. að vinna úr þeim umfangsmiklu skýrslum, sem berast frá aðalstöðvum Nato.

Lögreglustjóri fari með stjórn þeirrar starfsemi, er hér um ræðir, en fulltrúi annist daglega umsjón og starfi í deildunum hluta úr degi.

